

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. október 2018

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á þinglýsingalögum, lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu og lögum um aukatekjur ríkissjóðs (rafrænar þinglýsingar) (Mál nr. 68)**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um frumvarp til laga um breytingu á þinglýsingalögum, lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu og lögum um aukatekjur ríkissjóðs (rafrænar þinglýsingar).

Helstu atriði sem Viðskiptaráð leggur á í umsögn sinni eru eftirfarandi:

- Viðskiptaráð fagnar því að stigið sé skref á átt til stafrænnar stjórnsýslu
- Frumvarpið gengur að mati Viðskiptaráðs ekki nógu langt
- Viðskiptaráð hvetur til aukinnar stafvæðingu (e. digitalisation) íslenskrar stjórnsýslu

**Skref í rétta átt en ekki gengið nógu langt**

Viðskiptaráð fagnar því að frumvarp um rafrænar þinglýsingar sé komið fram. Viðskiptaráð styður lögfestingu frumvarpsins. Ráðið hvetur hins vegar til að ekki verði litið svo á að með frumvarpinu sé stafvæðingu opinberrar stjórnsýslu lokið, þó vissulega sé stigið nokkuð veigamikilið skref.

Viðskiptaráð tekur því undir umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja um málið, þar sem þau benda á að með frumvarpinu sé ekki einu sinni stigið inn í nútímann heldur aðeins stigið nær nútímanum: „Að mati SFF þarf því enn frekari breytingar á lögum til þess að ná því markmiði að útgáfa veðskjala geti orðið rafræn. Eins og frumvarpið lítur út munu sjónarmið um breytt form skjala, sparnað á tíma og pappír og þar með betri þjónustu ekki ná fram að ganga gagnvart viðskiptavinum. Fjármálafyrirtæki munu áfram þurfa að gefa út veðskjöl á pappírformi og síðan bæta við rafrænni færslu til þinglýsingar.“

**Eftirbáturinn Ísland**

Ísland er í 60. sæti, á eftir Perú og undan Bangladess, á undirlista Global Innovation Index þegar aðeins er horft til stafvæðingar hins opinbera og í sæti 13. sæti af 14 meðal ríkja Vestur-Evrópu (mynd 1).

## Mynd 1

### Stafvæðing þjónustu hins opinbera á Norðurlöndunum

Sæti, Global Innovation Sub-Index




Ísland er eftirbátur þegar kemur að [stafrænni samkeppnishæfni](#). Landið fór vissulega úr 23. sæti í það 21. á lista IMD milli árána 2017 og 2018. Þrátt fyrir það er Ísland enn langt á eftir þeim löndum sem við berum okkur saman við. Bandaríkin tróna á toppnum en í 2. til 7. sæti eru Norðurlöndin, auk Singapúr og Sviss.

## Mynd 2

### Stafræn samkeppnishæfni Íslands

Sæti í úttekt IMD frá 2014 til 2018



\*Future readiness

**Viðskiptaráð hvetur til að frumvarpið verði lögfest** en jafnframt að hvergi verði slegið af kröfum um áframhaldandi stafvæðingu íslenskrar stjórnsýslu og að stjórnvöld móti, í samvinnu við viðskiptalífið, stefnu um hvernig staðið skuli að stafvæðingu Íslands til lengri og skemmri tíma.

Virðingarfyllt,



Gunnar Dofri Ólafsson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands